

2004040013

6200; 9310

Vegagerðin
Birgir Guðmundsson, svæðisstjóri norðaustursvæðis
Miðhúsavegi 1
600 Akureyri

Reykjavík, 5. maí 2004

/--

Efni: Nýlagning og endurbygging Ólafsfjarðarvegar á Lágheiði, Ólafsfjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 29. mars 2004 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt endurbygging Ólafsfjarðarvegar á Lágheiði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Ólafsfjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Ólafsfjarðarbæ með bréfi dags. 7. apríl 2004, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra með bréfi dags. 21. apríl 2004 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 21. apríl 2004.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 16., 23. og 27. apríl 2004.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhuguð sé nýlagning á um 1,4 km löngum vegakafla og endurbygging á um 3,7 km löngum vegakafla sem liggja frá Reykjaá í Ólafsfirði að sveitarfélagamörkum Ólafsfjarðarkaupstaðar og Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Fyrsti áfangi framkvæmdarinnar verði samtals 2,8 km sem gert sé ráð fyrir að hefjist vorið 2004 og ljúki um haust sama ár. Óvíst sé hvenær framkvæmdir á þeim 2,3 km sem eftir séu muni hefjast. Fram kemur að vegurinn liggja á kafla um fjalllendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar, sem sé svæði á Náttúruminjaskrá og að núverandi vegur sé sumarvegur og miðað sé við að eftir framkvæmdirnar muni opnunartími vegarins lengjast og útivistargildi svæðisins styrkjast. Tilgangur framkvæmdarinnar sé að bæta vegasamband á Ólafsfjarðarvegi og sé markmiðið að

auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur milli byggðakjarna á Norðurlandi. Lagfærðar verði krappar beygjur og hæðarlega, sjónlengdir bættar og halli vegarins minnkaður. Gert sé ráð fyrir að vegurinn verði snjóléttari en núverandi vegur og að vegtegund vegarins verði C2 og hönnunarhraði 80-90 km/klst. Fram kemur að efnistaka verði um 125.300 m³ og verði fengin úr vegskeringum á vegsvæði. Gert sé ráð fyrir að malarlitlag fáiist úr Klaufabrekknanámu efst á Lágheiði sem sé opin náma skammt vestan sveitarfélagamarkanna. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að ekki sé til aðalskipulag af svæðinu en í greinagerð Svæðisskipulags Eyjafjarðar 1998-2018 kemur fram að stuðlað verði að öruggum og greiðum samgöngum til þjónustumiðstöðva á svæðinu og þaðan til þjónustumiðstöðva í öðrum landshlutum.

Ennfremur kemur fram að framkvæmdaraðili telji ekki að framkvæmdin hafi umtalsverð áhrif á umhverfið og að framkvæmdum verði hagað þannig að neikvæð áhrif þerra verði sem minnst.

Áhrif á samfélag. Í framlögðum gögnum kemur fram að á framkvæmdatíma muni umferð um svæðið raskast. Vegfarendur um Ólafsfjarðarveg á Lágheiði munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð sem muni líklega einnig hafa neikvæð áhrif á útivist næst veginum.

Áhrif á náttúruafar. Í framlögðum gögnum kemur fram að landslagsmynd svæðisins muni breytast eftir framkvæmdirnar, sérstaklega þar sem miklar vegskeringar og háar fyllingar verði. Reynt verði að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi og vegskeringar ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefji. Gengið verði frá vegsvæði og skeringasvæði svo að vegurinn falli vel að landi, og reiknað verði með að kantar verði fljótir að gróa upp og því muni sýnileiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa fljótt. Frágangi á vegskeringum verði hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg og verði þær því sléttaðar vel í samræmi við landslag og halla umhverfis. Sáð verði í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Að mati framkvæmdaraðila muni framkvæmdin ekki hafa umtalsverð áhrif á gróðurfar þar sem að framkvæmdin muni að stærstum hluta liggja um raskað svæði. Framkvæmdasvæði nýs vegar verði þó víðast breiðara en það svæði sem nú sé raskað. Fram kemur að sérfræðingur Náttúrufræðistofnunar Íslands muni kanna gróður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði áður en framkvæmdir hefjist og að við frágang framkvæmdasvæðis verði sáð í jafn stór gróðursvæði og þau sem raskist við framkvæmdina. Einnig kemur fram að framkvæmdin geti haft tímabundin áhrif á fugla en reiknað sé með því að þau áhrif verði óveruleg. Ennfremur kemur fram að framkvæmdaraðili geri ekki ráð fyrir að núverandi vegur verði fjarlægður.

Áhrif á menningarminjar. Í framlögðum gögnum kemur fram að minjavörður Norðurlands eystra muni kanna hvort fornminjar sé að finna á svæðinu. Finnist fornminjar á framkvæmdasvæðinu, muni framkvæmdaraðili hafa samráð við minjavörð varðandi aðgerðir.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Ólafsfjarðarbæjar, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé talið líklegt að framkvæmdin hafi umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og skuli því ekki vera háð mati á umhverfisáhrifum.

Efnistaka og áhrif á svæði á náttúruminjaskrá. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki eru gerðar athugasemdir við fyrirhugaða efnistöku vegna framkvæmdarinnar. Stofnunin bendi þó á að gert sé ráð fyrir töluverðum skeringum á nokkrum stöðum og mikilvægt að frágangur miðist við að fella raskað land að umhverfinu eins og kostur er. Stofnunin telji rétt að allar skeringar verði mældar upp og að lögð verði fram áætlun um frágang skeringa eins og um námur væri að ræða. Einnig bendir stofnunin á að uppfylla verði ákvæði VI. kafla laga um náttúruvernd ef um sé að ræða nýja efnistökuastaði. Einnig kemur fram að ekki sé talið að vegaframkvæmdin muni hafa umtalsverð áhrif á það svæði sem er á náttúruminjaskrá. Veglínan liggir í nánd við núverandi veg og raski aðeins litlum hluta svæðisins. Ekki sé vitað til þess að framkvæmdasvæðið hafi sérstöðu umfram aðra hluta svæðisins. Stofnunin telji þó mikilvægt að jarðraski verði haldið í lágmarki. Ennfremur bendir stofnunin á að samkvæmt 38. gr. laga um náttúruvernd skuli leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun um framkvæmdir þar sem hætta sé á að spillt verði öðrum náttúruminjum á náttúruminjaskrá. Því þurfi að leita umsagnar stofnunarinnar um framkvæmdina áður en framkvæmdaleyfi verði veitt.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að allar skeringar verði mældar upp og upplýsingar um magn og áætlun um frágang þeirra muni liggja fyrir í útboðsgögnum og áður en sótt verði um leyfi til efnistöku til sveitarstjórnar Ólafsfjarðarbæjar. Fram kemur að röskun á landi verði haldið í lágmarki og takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Lögð verði áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið. Framkvæmdaraðili muni jafna og græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni. Reynt verði að gera sárið í landinu sem minnst áberandi og haft verði samráð við eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar í Eyjafjarðarsýslu um efnistöku og frágang. Ennfremur kemur fram að framkvæmdaraðili muni leita umsagnar og tilkynna Umhverfisstofnun ef hætta verði á að öðrum náttúruminjum á náttúruverndarskrá verði spillt.

Gróður. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að á norðanverðum Tröllaskaga sé að finna óvenju margar sjaldgæfar tegundir og sé ein þeirra á valista. Ekki sé þó ljóst hvort að sjaldgæfar tegundir séu að finna í vegstæðinu sjálfu. Stofnunin telji mikilvægt að tekið verði tillit til niðurstaðna í fyrirhugaðri úttekt á gróðri og að veglínunni verði hnikað til ef ástæða þyki til, s.s. til að hlífa búsvæði sjaldgæfra tegunda. Ef sjaldgæfar tegundir finnast á svæðinu þurfi að afmarka viðkomandi búsvæði áður en framkvæmdir hefjist og tryggja að því verði ekki raskað. Fram kemur í umsögninni að samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd skulu mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærri, njóta sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og kostur sé og telji Umhverfisstofnun að endurheimta beri samskonar gróðurlendi og það sem raskist við framkvæmdina.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að tillit verði tekið til og viðeigandi ráðstafanir gerðar ef sjaldgæfar plöntur eða plöntur á valista finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Leitað verði til eftirlitsráðgjafa Umhverfisstofnunar í Eyjafjarðarsýslu eftir þörfum um hvernig

staðið verði að uppgræðslu. Framkvæmdaraðili muni miða við að sá þeim gróðurtegundum sem henti fyrir svæðið og skeri sig ekki úr umhverfinu.

Áhrif á landslag. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd muni hafa töluverð sjónræn áhrif í för með sér, einkum vegna skeringa og vegfyllinga, auk þess sem vegurinn liggja að hluta til á óröskuðu landi. Umhverfisstofnun telji að þrátt fyrir að sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði töluverð sé ekki um að ræða umtalsverð umhverfisáhrif. Stofnunin telji þó mikilvægt að við framkvæmdirnar verði jarðraski haldið í lágmarki, framkvæmdasvæðið verði þröngt skilgreint og að vandað verði til frágangs að verki loknu. Í tilkynningu um framkvæmdina komi fram að ekki sé ráðgert að fjarlægja núverandi veg. Stofnunin telji engin rök fyrir því að láta aflagðar beygjur á núverandi vegi og stutta, aflagða vegbúta standa eftir ófrágengna, enda vandséð hvert notagildi þeirra verði. Því telur stofnunin að slétta beri út þá kafla núverandi vegar sem leggjast af og fella vel að landinu.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að stuðlað verði að því að halda jarðraski í lágmarki og það takmarkist fyrst og fremst við vegarstaðið sjálft. Reynt verði að skerða gróðurlendi sem minnst og lögð áhersla á það í útboðsgögnum að verktaki gæti þess vel að raska ekki landi utan við vegsvæðið. Fram kemur að upphaflega hafi staðið til að jafnan út og græða núverandi veg á þeim köflum sem nýr vegur liggja utan hans, en komið hafi upp sú hugmynd að friða veginn. Vegurinn sé nánast upprunalegur, fylgi landslaginu og sé lítið sem ekkert uppbyggður. Á fyrstu 1,4 km liggja nýr vegur töluvert utan núverandi vegar og því væri sá möguleiki fyrir hendi að nýta þennan kafla til útivistar. Einnig hafi komið fram óskir um að vegurinn verði nýttur sem reiðvegur. Fram kemur að framkvæmdaraðili muni vinna að málinu í samráði við Ólafsfjarðarbæ.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða nýlagningu og endurbyggingu Ólafsfjarðarvegar á um 5 km kafla á Lágheiði, Ólafsfjarðarbæ. Framkvæmdin er tilkynningaskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10b í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdanna séu einkum sjónræns eðlis auk áhrifa á landslag og gróður. Skipulagsstofnun telur að skeringar og fyllingar muni hafa töluverð áhrif á landslag og tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar um mikilvægi þess að jarðraski verði haldið í lágmarki, framkvæmdasvæðið verði þröngt skilgreint og að vandað verði efnistöku og frágangs að verki loknu í samráði við Umhverfisstofnun. Framkvæmdaraðili mun vinna í samráði við Ólafsfjarðarbæ hvað varðar friðun núverandi vegar. Skipulagsstofnun telur að taka þurfi tillit til búsvæða sjaldgæfra gróðurtegunda ef þær finnast á framkvæmdasvæðinu og að afmarka þurfi viðkomandi búsvæði áður en framkvæmdir hefjist og tryggja að því verði ekki raskað. Það er mat Skipulagsstofnunar að framkvæmdin muni hvorki hafa verulegt rask né veruleg áhrif á landslag og gróður í för með sér verði fylgt þeirri framkvæmdatilhögun sem framkvæmdaraðili hefur lagt til.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun

farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að nýlagning og endurbygging Ólafsfjarðarvegur á Lágheiði, Ólafsfjarðabæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ólafsfjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 7. júní 2004.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Auður Ýr Sveinsdóttir

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Ólafsfjarðarbær, Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra og Umhverfisstofnun.